

Tillaga fulltrúa Flokks fólksins í velferðarráði

Flokkur fólksins leggur til að ferðþjónusta íbúa á hjúkrunarheimilum verði tekin á dagskrá velferðarráðs eins fljótt og auðið er. Fulltrúa Flokks fólksins finnst ótækt að fatlaðir einstaklingar á hjúkrunarheimilum fái ekki akstursþjónustu til að viðhalda tengslum við vini og fjölskyldu. Í dag hafa íbúar hjúkrunarheimila eingöngu rétt á akstursþjónustu til að sækja læknaheimsóknir.